

Alþingi
Erindi nr. P 131/910
komudagur 1.3.2005



LÝÐHEILSUSTÖÐ

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík

Reykjavík 22.02.2005.

Efni: umsögn um frumvarp til áfengislaga, 46. mál, framleiðsla á víni án leyfis úr innlendum berjum, ávöxtum eða jurtum til eigin neyslu.


Erindið hefur verið borið undir áfengis- og vímuvarnaráð sem er sérfræðiráð innan Lýðheilsustöðvar. Í svari þessu er því álit Lýðheilsustöðvar á frumvarpinu eftir að áfengis- og vímuvarnaráð hefur fjallað um málið á fundi 8. febrúar 2005.

Lýðheilsustöð bendir á að aukið aðgengi að áfengi leiðir til aukinnar neyslu þess, sem stangast á við þau markmið sem sett eru fram í heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Aukið frelsi til framleiðslu á áfengi er því líklegt til að auka heildarneyslu þess. Hins vegar er sá möguleiki einnig fyrir hendi að þeir sem framleiða sitt eigið vín versli sem því nemur minna í verslunum ÁTVR.

Lýðheilsustöð vill leggja áherslu á að verði þetta frumvarp að lögum þá þurfi að vera tryggt að hér sé einungis um framleiðslu til einkanota að ræða. Teljist framleiðslan til iðnaðar eða heimilisiðnaðar er mikilvægt að farið sé að gildandi lögum um leyfisveitingar og aðbúnað á framleiðslustað. Í því samhengi er bent á að vert væri að fá mat Umhverfisstofu á þeim þætti er snertir aðbúnað við framleiðsluna.

Þá má benda á að í greinargerð sem fylgir frumvarpinu er fjallað um að með auknu frelsi gæti hér innan fárra ára orðið til þekking við gerð matvína sem kynni síðar að verða séríslensk framleiðsla. Mikilvægt er að þá sé farið að lögum sem gilda um framleiðslu á áfengi, sbr. 5. og 6.gr.

Virðingarfyllst


Anna Elísabet Ólafsdóttir
forstjóri Lýðheilsustöðvar